

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

416. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 06.12.2019, kl.10:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 3 voru Sævar Kristinsson og Sveinbjörn Grímsson frá KPMG.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða uppgjör 2019

Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðað uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2019. Niðurstaða rekstrar er rúmlega 119 milljónir en verulegur samdráttur hefur orðið í tekjum. Jafnframt kynntur samanburður rekstrar og áætlunar.

2. Stefna ÍAV

Lögð fram stefna ÍAV vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Framkvæmdastjóra falið að vinna framhaldið með Erlendi Gíslasyni lögmanni hjá LOGOS og embætti borgarlögmans.

3. Stefnumótun stjórnar

Kynnt lokadrög að stefnumótun stjórnar. Málið rætt. Áður en stjórn samþykkir stefnuna felur hún formanni og framkvæmdastjóra að kynna drögin fyrir sveitarfélögunum.

4. Svarbréf Garðabæjar vegna óska um lóð fyrir endurvinnslustöð

Lagt fram svar bæjarráðs Garðabæjar vegna mögulegrar staðsetningar endurvinnslustöðvar á lóð við Hafnarfjarðarveg á bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs en erindi SORPU var sent 3. júní sl. Niðurstaða bæjarráðs Garðabæjar er að ekki þykja skipulagslegar forsendur fyrir staðsetningu endurvinnslustöðvar á þeim stað. Málið rætt.

5. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar - framvinduskýrsla

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Búið er að steypa 98% af áætluðu steypumagni (8.900 m³) og telst verkið í heild vera 89% lokið. Verktaki hefur óskað framlengingar á verktíma til 15. mars

2020. SORPA hefur samþykkt þessa ósk enda hefur hún ekki áhrif á kostnað SORPU vegna verksins.

6. Stækkun móttökustöðvar í Gufunesi – framvinduskýrsla

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna stækkunar móttökustöðvar í Gufunesi. Búið er að steypa 93% af áætluðu steypumagni og telst verkið í heild vera 75% búið. Verktaki áformar að skila verkinu á tilsettum tíma í febrúar 2020.

7. Úthlutun styrkja úr Góða hirðinum

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður úthlutunarnefndar vegna jólaúthlutunar Góða hirðisins. Alls sóttu 36 aðilar um styrki að upphæð kr. 47.750.000,- en til úthlutunar eru kr. 18.500.000,- sem renna til 22 aðila.

Birkir Jón Jónsson fer af fundinum kl. 12:12.

8. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í Reykjavík

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni að því sem snýr að SORPU.

9. Breyting á gjaldskrá

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri kynna breytingar á almennri gjaldskrá vegna vísitölubreytinga. Almenn gjaldskrá hækkar um 2,32% þann 1. janúar 2020. Stjórn samþykkir jafnframt að gjaldskrá endurvinnslustöðva breytist þannig að gjald fyrir gjaldskyldan úrgang verður 6.500,- kr./rúmmeter og fyrir úrgang til urðunar 8.500 kr./rúmmeter frá sama tíma að telja.

Jóna Sæmundsdóttir fer af fundi kl. 12:30

10. Fundur samráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi

Lögð fram drög að fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna frá 25. nóvember sl. Stjórn skipar Bjarna Torfa Álfþórsson í staðinn fyrir Ágúst Bjarna Garðarsson.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 10. janúar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 12:45

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir